

FRAMHALD LÍFSINS OG STJÖRNURNAR

I

Faidón og Timaios eru þau rit Platóns, sem mest hafa verið lesin. Í Faidón talar Sókrates um ódauðleika sálarinnar. Hann hyggur að það sé hér á jörðu, sem framliðnir lifa. Mannkynið er líkt og froskar við fen, segir hann, og þekking þess nær aðeins yfir lítinn hluta jarðarinnar. Um langmestan hluta jarðarinnar veit mannkynið ekkert. En þó gnæfir jörðin í öðrum stöðum upp í ljósvakann hátt mjög, og er þar hin dýrðlegasta. En í sumum stöðum er hún furðulega feiknleg. Til slíkra staða hyggur Sókrates að sálinn framliðinna fari. Og í hinum dýrðlegu, hátt gnæfandi stöðum, hitta hinar góðu sálinn sjálfa guðina fyrir.

Lýsingar þessar, sem Platón leggur Sókratesi í munn, eru mjög eftirtektarverðar. Þær eru auðsjáanlega gerðar úr sama efni eða smíðaðar úr svipuðu hugarástandi og lýsingar seinni manna á því, sem þeir hafa kallað andaheimi og önnur tilverusvið (astralplan o. s. frv.). Meðan þekking manna á jörðinni er nógum lítill, eða landafræðin nógum skammt á veg komin, getur Sókrates ímyndað sér, að þessar sýnir sem hann skoðar í huga sínum, séu aðrir og furðulegir staðir á þessari jörð. Og meðan þekkingin á heiminum eða heimsfræðin, var nógum samt á veg komin, gátu síðari vitranamenn ímyndað sér, að það sem þeir sáu í vitrunum, væri andaheimur eða birtist þeim úr andaheimi, eða frá „tilverusviðinu“ milli tungls og jarðar.

Úr sama eða svipuðu hugar- eða vitundarefni, eru sakir mismunandi stiga vanþekkingarinnar, smíðaðar mismunandi tegundir hjátrúar.

II

Í því riti, sem Timaios heitir, segir frá sköpun heimsins og mannsins, og merkilega mjög. Þar er farið mjög eftir því sem kennt hafði Pythagoras frá Samos, en hann var nokkurs konar Kristur hinnar grísku fornaldar, og þó vitringur ennþá meiri en hinn hebreiski Kristur. Einnig í Timaios ræðir um framhald lífsins, en þar er sagt, að þegar maðurinn deyr, fari sálin til annarrar stjörnu og lifi þar áfram. Ég hefi rætt nokkuð um þennan stað í þeirri ritgerð í Nýal, sem heitir Hið mikla samband. En sá staður er langmerkilegastur af öllu því sem í ritum Platóns stendur. Því að það er hin rétta kenning, sem þar stendur.

III

Það eru þeir menn, sem einna hæst gnæfa í vitkunarsögu mannkynsins, Pythagoras, og löngu síðar Brúnó, sem komið hafa með þá kenningu, að eftir dauðann lifi menn áfram á örðrum stjörnum. Og nú vil ég biðja menn að hugleiða vel, það sem mjög er merkilegt. En það er, hversu lítil eftirtekt hefir verið veitt einmitt þeirri kenningu, sem allramest reið á að koma fram til fulls skilnings. Fyrst skal hér nefna Plótinos, ágætan speking, sem uppi var á 3. öld e. Kr. Eftir hann eru til 54 ritgerðir, og eru þær að mjög miklu leyti útlistun á kennungum Platóns. — Rit Platóns voru Plótín, líkt og bréf Páls postula og þó guðspjöllin líka, hafa verið kristnum guðfræðingum. Og höfuðið á Plótín var frábært, rökvísin í ágætu lagi; af vorra daga spekingum er Henri Bergson ef til vill líkastur honum. Og Timaios var sú bókin, sem hann hafði mestar mætur á. En ekki man ég eftir því, að Plótín víki nokkurstaðar í öllum þessum 54 ritgerðum einu orði að þeirri setningunni, sem Platón hefir merkilegasta skrifað, og í standa orðin astron synnomon.¹⁾ Fleiri dæmi mun ekki þurfa að telja frá fornöld, því að mér virðast talsverðar líkur til þess, að aldrei hafi nokkur maður rækilegar lesið Timaios en Plótín gerði. En tvö rit ætla ég að nefna frá vorum dögum, og tel einnig það nægja, sakir

1) Þetta er ekki rétt hjá mér, eins og síðar segir; Plótín nefnir astron to symfónon.

lærdóms og menntunar þeirra sem samið hafa. Annað ritið er „Um lífið eftir dauðann, samkvæmt því sem mannkynið hefir ímyndað sér um það efni.“ C. Clemen: „Das Leben nach dem Tode im Glauben der Menscheit“, 1920. Bók þessi er samin af hinum fræga þýska prófessoralærdómi og með góðri þýskri skipan. En merkilegasti staðurinn í ritum Platóns er þar ekki nefndur, jafnvel þó að efnið krefjist þess að hans sé getið. Svo langt er sá höfundur frá því að hafa veitt því eftirtekt, hvað sá staður er merkilegur. Hin ritgerðin er eftir Norðmanninn prófessor W. Schencke, og stendur í 3. bindi af sögu menningarinnar (Kulturens Historie) eftir norska höfunda. Ritgerð þessi um trúarbrögðin (Religion) er samin af snilld og lærdómi. Og þessi höfundur víkur að kenningu Platóns þeirri, sem hér ræðir um (s. 283). En mjög fróðlega kemur það fram, að ekki hefir þó hinn merkilegasti staður neitt verulega vakið athygli prófessorsins. Hann segir nefnilega að Platón hafi gefið mönnum vonir um að sálin hyrfi aftur til æðri heims. En af því sem áður segir, má sjá að Schencke minnir að Platón hefi kennt, að sá æðri heimur væri fyrir ofan stjörnurnar.

IV

Undir því er allt komið að vita, að hinn „æðri heimur“ eða guðsríki, og eins sá heimurinn, sem kallaður hefir verið helvíti, er hvorki fyrir ofan stjörnurnar eða neðan, heldur einmitt á stjörnunum. Svo mikils virði er sú vitneskja, að af henni leiðir aldaskipti þau sem svo mjög og svo lengi hefir verið spáð. Hin æðsta kenning grískrar speki og enn þess manns, sem af Grikkjum var kominn og Norðmönnum, er nú fyrir íslenskar uppgötvanir, að vísindum orðin. Vilji menn haga rannsóknum eftir mínum ráðum, þá munu þeir ganga alveg úr skugga um, að þeir geta fengið samband við íbúa annarra stjarna. Og eigi einungis munu menn geta talað við þá, heldur munu íbúar annarra stjarna koma hér fram, og það sem þeir segja, þegar hugarfar jarðarbúa verður hætt að vera því til fyrirstöðu, að þeir geti talað eftir vild sinni, mun verða mjög fróðlegt. Reykjavík mun verða nokkru

frægari bær en líklegt hefir þótt, þegar íslenskir fræðimenn verða betur samtaka en hingað til hefir verið, manni, sem mjög hefir haft hug á því að framhald gæti orðið af sumri forníslenskri sjálfstæðis viðleitni.

Og meira orð mun fara af þúsund ára hátíð Íslendinga, þeirri sem nú fer að líða að, en með líkindum mundi þykja um svo fámenna þjóð. Gunnar og Njáll og enn aðrir fornmann ágætir, munu geta tekið með oss þátt í þúsund ára hátíð Alþingis. Ég veit, að slíkt er ekki varlega sagt, en þó ætla ég nokkru við að bæta. Sjálfir Æsir munu þátt taka með oss í þeirri hátíð. Því að þeir eru lengra komið mankyn á annarri stjörnu. Á því getur enginn vafi leikið, þegar nokkur þekking er á sumum hinum helstu undirstöðuatriðum í líffræði, að hinir kæru guðir forfeðra vorra og formæðra, eru ekki tómur hugarburður. Óðinn lifir og Pór og Baldur og Freyr og Njörður og Frigg og Freyja og enn aðrar Ásynjur, sem ekki eru síður ágætar en Æsirnir, þó að ég nefni þær síðar.

Ég hygg, að ég muni vera í minnsta lagi þeirra manna, sem vora jörð byggja, gefinn fyrir að ala með mér ástæðulausar ímyndanir. Og ekki ætla ég að leyna því, sem mér líklegt þykir. Vilji Íslendingar vita með mér, að Æsir eru til, og taka þar upp aftur vináttu með frændsemi, þá geri ég mér vonir um að veturninn yrði mun vægari en annars kynni að verða. Og ég myndi enn fremur búast við því, að vorið yrði slíkt sem ekki hefði á Íslandi sést áður og sumarið síðan, en heyfengur tvöfaldur við það sem er í meðalári.

En þó mun sumt sem ennþá betra er, af því leiða, að taka þeim skilningi á heiminum og lífinu, sem hér er verið að boða, og til þess miðar, þó langt sé að því marki, að eytt verði allri þjáning og dauðinn sigraður.

Nóv. '22